

Og skilyrðin fyrir því að við getum verndað þjóðernið eru þau, að við verndum málið, og að við verndum minninguna og ræktarþelið. Þau skilyrði er ekki auðvelt að uppfylla, en ómögulegt er það ekki. Langmest er undir því komið að sú kynslóð, sem hingað hefir flutt, leggi rækt við það að koma inn hjá þeirri næstu tilfinningu um ræktarskyldu. Án hennar er kennsla í málinu gagnslaus, án hennar kemur það að engu haldi þó að örfáir mentamenn kynnist íslenskum bókmentum á líkan hátt og þeir kynnast bókmentum annara útlendra þjóða. Íslenzkt félagslíf og íslenzkar kyrkjur vinna ekki þetta verk. Allir Íslendingar verða að vinna það í sameiningu, verða að vinna það af ást til þjóðar sinnar og lands síns.

Og er þá ekki allur skoðanamunur um þetta mál sprottinn af of einhliða áherzlu og of lítilli umhugsun um hvað það er, sem þarf að vernda og geyma? Eru ekki þeir, sem telja viðhald þjóðernisins ómögulegt, hræddir við of mikla einangrun? Og eru ekki þeir, sem mest bera þjóðernisviðhaldið fyrir brjósti, hræddir um, að ef engin einangrun á sér stað, þá beri alt að þeim brunni, að íslenzkt þjóðerni hverfi með öllu? En hvorugt þarf að verða, og allir ættu að geta komið sér saman um eina skynsamlega stefnu í þessu máli, þegar öllum misfinningi er úr vegi rutt.